

# **Umsögn dómnefndar**

**skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla  
um umsækjendur um embætti setts hestaréttardómara  
sem auglýst var laust til umsóknar 2. október 2012**

**Reykjavík 3. desember 2012**

## **1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti**

Með bréfi 25. október 2012 fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd skv. 1. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, með síðari breytingum, að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti setts hæstaréttardómara sem auglýst var laust til umsóknar 2. október 2012 í Lögbirtingablaði. Um embættið sóttu þau Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor, Arnfríður Einarsdóttir, héraðsdómari, Ása Ólafsdóttir, lektor, Ingveldur P. Einarsdóttir, héraðsdómari, og Þorgeir Ingi Njálsson, dómstjóri.

Í 3. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 er m.a. kveðið á um að því aðeins megi skipa umsækjanda í embætti dómara að hann fullnægi að mati dómnefndar öllum skilyrðum 2. og 3. mgr. 4. gr. laganna. Það er álit dómnefndar að allir ofangreindir umsækjendur fullnægi þeim skilyrðum.

Umsögn dómnefndar um umsækjendur fer hér á eftir.

## **2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á**

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 skal dómnefnd láta dómsmálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti hæstaréttardómara. Samkvæmt ákvæðinu skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja two eða fleiri umsækjendur jafna.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a dómstólalaga, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði

frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/2008 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Ráðherra setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

*Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.*

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnaalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann

hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshlæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgervi.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.”

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, er áréttáð að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskráinnar skulu allir vera jafnir fyrir lögum og í 2. mgr. hennar segir orðrétt: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.” Í 1. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er tekið fram að við úrlausn mála skuli stjórvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Ákvæði þetta er áréttáð í upphafi 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 sem rakið er hér að framan. Í 2. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 kemur fram ákvæði um bann við mismunun þar sem talin eru upp sjónarmið sem ekki má líta til við mat á því hvaða umsækjandi geti talist hæfastur til að gegna starfanum. Í ákvæðinu segir: „Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.”

Markmið laga nr. 10/2008 er m.a. að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, sbr. 1. gr. þeirra. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna skal starf, sem laust er til umsóknar, standa opið jafnt konum sem körlum og í 1. mgr. 24.

gr. þeirra er kveðið svo á um að hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil. Samkvæmt 2. tölul. 2. gr. laganna telst það óbein mismunun þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni. Þá ber þess að gæta að Hæstiréttur hefur talið að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla yrðu þýðingarlítil, nema meginreglur þeirra við að stemma stigu við mismunun séu skýrðar svo að konu skuli veita starf ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin, að því er varðar menntun og annað sem máli skiptir, og karl sem við hana keppir, ef á starfssviðinu eru fáar konur, sbr. dóma réttarins H 1993, 2230, H 1996, 3760, H 1998, 3599 og H 2006, 4891. Á þetta sjónarmið reynir að áliði nefndarinnar við ákvörðun ráðherra um veitingu dómaraembættis hafi dómnefnd metið two eða fleiri umsækjendur jafnhæfa til að gegna því.

Þess má að lokum geta að í almennum athugasemdum við frumvarp það, sem varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, er minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

### 3. Um málsmeyferð dómnefndar

Hinn 8. nóvember 2012 sendi dómnefnd umsækjendum bréf og óskaði eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir þess efnis og nefndarmönnum er ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra í máli þessu.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 5. og 7. nóvember 2012 og var höfð hliðsjón af þeim við gerð þessarar umsagnar.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a dómstólalaga, segir m.a. að dómnefnd sé einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum

sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 620/2010 getur dómnefnd aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem hafa átt samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Á grundvelli þessa ákvæðis fór nefndin fram á það við þá, sem umsækjendurnir Aðalheiður Jóhannsdóttir og Porgeir Ingi Njálsson höfðu gefið upp sem meðmælendur, að þeir svöruðu tilteknum spurningum um hæfni umsækjendanna tveggja. Þeim var síðan veitt færni að tjá sig um svörin. Í liðnum ágústmánuði aflaði dómnefnd sams konar upplýsinga um hina þrjá umsækjendurna og vegna þess hve skammur tími er liðinn sá nefndin ekki ástæðu til að gera það að nýju, heldur leit til fyrirliggjandi umsagna um þá við mat á fyrrgreindum atriðum með samþykki umsækjendanna.

Eins og áður segir fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd 25. október 2012 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara sem auglýst var laust til umsóknar 2. október 2012 í Lögbirtingablaði. Barst nefndinni bréfið daginn eftir eða 26. október 2012. Hinn sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010, sbr. 8. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, reiknast því frá síðarnefndum degi til 7. desember 2012.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 620/2010 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 22. nóvember 2012, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til hádegis 30. nóvember 2012. Svör bárust frá fjórum umsækjendum og gerðu þrír þeirra athugasemdir við fyrirliggjandi drög að umsögn nefndarinnar. Í samræmi við 8. gr. reglnanna var farið yfir athugasemdirnar og að teknu tilliti til þeirra voru gerðar nokkrar breytingar á umsögninni.

#### **4. Almennar upplýsingar um umsækjendur**

Hér á eftir verður næst reifað stutt ágrip um menntun og reynslu hvers umsækjanda um sig, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og samanburð á þeim á grundvelli þeirra meginjónarmiða sem reifuð voru í kafla 2. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjenda. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og

viðfangsefna, er þeir hafa fengist við, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

*Aðalheiður Jóhannsdóttir* er fædd 8. janúar 1957 og er því 55 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1991. Hún lauk doktorsprófi í lögfræði frá lagadeild Uppsalaháskóla í Svíþjóð árið 2009 á sviði umhverfisréttar eftir fjögurra ára skipulegt doktorsnám. Hún hafði lagt stund á háskólanám í ítölsku og listasögu í Flórens á Ítalíu 1982-1983 og sagnfræði við Háskóla Íslands 1983-1984, auk þess sem hún hefur sótt þar ýmis námskeið síðar. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu á árunum 1992-1994. Hún var framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs í tæp þrjú ár 1994-1996 og forstjóri Náttúruverndar ríkisins 1997-1998. Umsækjandinn var árið 1992 skipuð formaður nefndar, sem falið var að kanna réttarstöðu iðnmeistara. Sama ár var hún skipuð formaður nefndar til að semja frumvarp til laga um notkun og losun erfðabreyttra örvera og lífvera. Hún sat í umhverfisnefnd EFTA á árunum 1992-1994 sem hafði það hlutverk að að meta hvort tilteknar gerðir Evrópusambandsins ættu heima í viðaukum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Árið 1993 var hún skipuð formaður nefndar sem falið var að kanna réttarstöðu íslenskra stjórvalda gagnvart skipreka eða strönduðum skipum vegna mengunarhættu í íslenskri lögsögu. Á árunum 1997-1999 var hún varaformaður ráðgjafarnefndar um erfðabreyttar lífverur. Á sama árabilí átti hún sæti í nefnd, sem hafði það hlutverk að gera tillögur að reglugerð um innflutning plantna til ræktunar, og jafnframt nefnd um friðun Geysis og Geysissvæðisins. Árin 1996-1999 sat hún í umhverfismerkisráði. Þá var hún formaður mannanafnanefndar á árinu 2005 og undirbjó og tók þar þátt í að kveða upp fjölda úrskurða. Frá því ári hefur hún verið varamaður í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og frá því í ársbyrjun 2012 varamaður í úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Hefur hún alloft setið í þessum nefndum og tekið þátt í að semja á áttunda tug úrskurða við úrlausn mála sem til kasta þeirra hafa komið. Þá hefur hún undanfarin ár verið ráðgjafi LEX lögmannsstofu á auðlinda-, orku- og umhverfissviði. Umsækjandinn var kennari við lagadeild Háskóla Íslands á árunum 1996-1999 og hefur verið kennari við deildina frá árinu 2002, lengst af í fullu starfi, þar af aðjunkt 2003-2004, lektor 2004-2005,

dósent 2005–2009 og prófessor frá 2009. Kennslugreinar hennar hafa einkum verið umhverfisréttur, þ. á m. alþjóðlegur og evrópskur umhverfisréttur, svo og þjóðaréttur og sjálfbær þróun og loks auðlindaréttur. Hafa þessar greinar verið kenndar í meistaránámi. Að auki bar hún ábyrgð á og kenndi samningarátt í grunnnámi á árunum 2003–2005 og hefur einnig tekið þátt í kennslu í þjóðarétti og hafrétti á meistarastigi. Þá hefur hún kennt við aðra háskóla erlendis, þ.m.t. Uppsalaháskóla og Luleåháskóla í Svíþjóð og háskólann í Ljubljana í Slóveníu. Ennfremur hefur hún verið leiðbeinandi fjölda nemenda við ritun meistararitgerða og er nú leiðbeinandi eins doktorsnema við lagadeild Háskóla Íslands, auk þess sem hún hefur setið í nokkrum doktorsnefndum og verið andmælandi við doktorsvörn. Hún hefur skipulagt þrjú alþjóðleg námskeið fyrir doktorsnema, árin 2004, 2007 og 2009 og setið fjölda alþjóðlegra námskeiða þar sem fjallað hefur verið um umhverfis- og auðlindarétt. Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá 25 ritverkum sínum um lögfræðileg efni, þar af eru tvær bækur, 12 fræðigreinar og 11 bókakaflar. Margar greinanna hafa birst á ensku eða sænsku í viðurkenndum erlendum tímaritum og bókakaflarnir í safnritum og afmælisritum. Önnur bókin er doktorsritgerð umsækjandans, *The significance of the default. A study in environmental law methodology with emphasis on ecological sustainability and international biodiversity law* (2009). Hin bókin er *Endurskoðun ákvæðana sem áhrif hafa á umhverfið* (2008), samin ásamt Eiríki Tómassyni. Greinarnar eru ritrýndar, að einni undanskilinni, og bókakaflarnir eru allir ritrýndir. Segja má að öll ritverkin tilheyri umhverfisrétti, þ. á m. alþjóðlegum og evrópskum umhverfisrétti, enda þótt sum þeirra fjalli einnig um efni, tengdum auðlindarétti, þjóðarétti og fleiri greinum lögfræði. Að auki hefur umsækjandinn tekið saman skýrslur um Ísland, sem birtar hafa verið í árbók í alþjóðlegum umhverfisrétti, *Yearbook in International Environmental Law*. Þá hefur hún setið í ritstjórn afmælisrits, annast ritrýni og haldið alls 32 fræðileg erindi og fyrillestra á þingum, ráðstefnum og fundum, hér á landi og erlendis. Samhliða kennslu hefur hún sinnt umfangsmiklum rannsóknum á fræðasviðum sínum, þ. á m. við erlenda háskóla. Umsækjandinn hefur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir Háskóla Íslands. Frá árinu 2010 hefur hún verið varaforseti lagadeildar, frá 2005 setið í stjórn sérstakrar námsleiðar í umhverfis- og auðlindafræðum skólans og frá 2004 í

rannsóknanaðsnefnd lagadeildar, þar af sem formaður hennar 2007-2012. Hún var formaður kjörstjórnar við rektorskjör árið 2005. Þá átti hún sæti í stjórn Alþjóðamálastofnunar Háskólans 2005-2008, í fjármálanefnd skólans 2007-2009 og í vísindanefnd félagsvísindasviðs 2009-2012. Frá 2007 hefur hún setið í stjórn Háskólaútgáfunnar. Fyrir hönd lagadeilda hefur hún átt sæti í fjölda dómnefnda og valnefnda, ýmist til að leggja mat á hæfi eða velja úr umsækjendum um störf kennara við deildina. Þá hefur hún á þessu ári verið formaður sameiginlegrar matsnefndar lagadeilda Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla til að meta umsóknir um doktorsnám. Frá árinu 2003 hefur hún verið í stýrihópi *Nordic Environmental Law, Governance & Science Network* (NELN-netsins) og veitt Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna ráðgjöf á sviði líffræðilegrar fjölbreytni. Í byrjun þessa árs var hún skipuð formaður ráðgjafarhóps um gerð samnings milli HS Orku hf. og íslenska ríkisins um nýtingu jarðvarma vegna Reykjanesvirkjunar. Hún hefur átt sæti í stjórn Félags prófessora í ríkisháskólum frá árinu 2010 og var varaformaður stjórnarinnar 2011-2012. Loks lætur umsækjandinn þess getið að hún hafi komið að gerð fjölda lagafrumvarpa, þ. á m. frumvarpa til laga um náttúruvernd og meginreglur umhverfisréttar.

*Arnfríður Einarsdóttir* er fædd 1. apríl 1960 og er því 52 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1986. Í upphafi árs 2000 hóf hún nám í opinberri stjórnsýslu og stjórnun við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan með diplómagráðu 2001. Þá hefur hún sótt ýmis styttri námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar, auk annarra námskeiða um lögfræðileg efni. Árið 1986 hóf umsækjandinn störf sem lögfræðingur í þinglýsingadeild embættis yfirborgarfógetans í Reykjavík og starfaði þar fram í september það ár þegar hún réðist til starfa sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík. Við það embætti starfaði hún til 1. júlí 1992, síðustu árin sem aðalfulltrúi þess. Hún hóf störf sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur árið 1993 og gegndi því starfi til 1998. Þá varð hún aðstoðarmaður dómara við dómstólinn og gegndi því starfi þar til hún var ráðin skrifstofustjóri hans snemma árs 1999. Á árunum 1992-2006 var hún allnokkrum sinnum sett héraðsdómari við Héraðsdóm Norðurlands vestra, Héraðsdóm Reykjavíkur og Héraðsdóm Suðurlands eða samtals

í tæp fjögur ár. Hún var skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness 1. febrúar 2006, en frá 1. maí 2010 hefur hún verið héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Síðla árs 2010 var hún skipuð forseti Félagsdóms. Umsækjandinn átti sæti í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar á árunum 1998–2010 og í dómstólaráði 2006–2010. Hún var formaður málskotsnefndar Lánaþjóðs íslenskra námsmanna árin 1997–2010 og hefur síðustu ár verið fulltrúi Íslands í starfi nefndar á vegum Evrópuráðsins sem ber heitið *The European Commission for the Efficiency of Justice (CEPEJ)*. Þá hefur hún um árabil setið í ýmsum ráðum og nefndum á vegum þjóðkirkjunnar, þ. á m. í kenningarnefnd þjóðkirkjunnar, stjórn Prestssetrasjóðs og stjórn Hins íslenska bíblíufélags, þar sem hún gegnir stöðu varaforseta. Hún var formaður stjórnar launajóðs stórmestara í skák um nokkurra ára skeið. Loks annaðist hún í tvö misseri kennslu í verslunarrétti við Ritaraskólann.

**Ása Ólafsdóttir** er fædd 1. september 1970 og er því 42 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1996 og stundaði framhaldsnám við Cambridgeháskóla í Bretlandi 1999–2000 þaðan sem hún lauk meistaraprófi í lögum. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál sem héraðsdómslögmaður 6. febrúar 1998 og sem hæstaréttarlögmaður 16. desember 2005. Árin 1996–1997 starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á lögmannsstofu. Á árunum 1998–2011 var hún sjálfstætt starfandi lögmaður og rak þá lögmannsstofu í félagi við aðra. Hún var einn af lögmönnum *Neyðarmóttóku vegna nauðgunar* á árunum 2003–2008. Umsækjandinn var aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra, síðar dómsmála- og mannréttindaráðherra, um eins og hálfss árs skeið á árunum 2009–2010. Á þeim tíma tók hún þátt í starfi ýmissa sérfræðihópa á vegum ráðuneytisins. Árin 2003–2007 átti hún sæti í kærunefnd jafnréttismála, og var formaður áfrýjunarnefndar neytendamála 2005–2011. Á árunum 2010–2012 var hún formaður úrskurðarnefndar um félagsþjónustu og húsnaðismál. Frá árinu 2006 hefur hún verið varaformaður úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarnamála og frá 2011 varaformaður eftirlitsnefndar fasteignasala. Í ágúst á þessu ári varð hún formaður gjafssóknarnefndar og frá því í september hefur hún átt sæti í óbyggðanefnd. Þá átti hún sæti í stýrihópi um velferðarvaktina 2009 og var sama ár skipuð í starfshóp sem falið var að kanna hvort unnt væri að hefja og reka skaðabótamál á hendur lögaðilum eða einstaklingum sem

hefðu valdið ríkinu eða almenningi í landinu fjárhagslegu tjóni með athöfnum sínum í aðdraganda og kjölfar bankahrunsins. Umsækjandinn hefur verið kennari við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2004, þar af lektor í hlutastarfi 2006-2008, en síðan í fullu starfi 2008-2012, að undanskildum þeim tíma meðan hún gegndi starfi aðstoðarmanns ráðherra. Frá miðju ári 2012 hefur hún verið dósent við deildina. Kennslugreinar hennar hafa einkum verið á sviði réttarfars og fjármunaráttar, jafnt í grunnnámi sem meistaránámi, þar af hafa aðalkennslugreinarnar verið samningaráttur og skuldaskilaréttur. Auk þess hefur hún verið umsjónarmaður BA-ritgerða og leiðbeinandi fjölda nemenda við ritun meistararitgerða. Hún hefur einnig kennt við aðra háskóla. Þá hefur hún um árabil annast kennslu á námskeiðum til öflunar réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómi, löggildingarnámskeiðum fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, réttindanámskeiði fyrir þá, er öðlast vilja löggildingu sem bifreiðasalar, og réttindanámskeiði fyrir löggildingu verðbréfasala. Að auki hefur hún kennt á sérstöku réttindanámskeiði í rekstrar- og viðskiptafræðinámi Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, auk þess sem hún hefur fengist við kennslu á smærri námskeiðum á vegum ýmissa aðila. Umsækjandinn hefur sinnt ritrýni og verið skipuð prófdómari við meistaraprófsvarnir. Hún hefur unnið skýrslur og álit af ýmsum toga. Meðal annars samdi hún, ásamt öðrum, skýrslu fyrir hönd Lagastofnunar Háskóla Íslands um stöðu íslensks neytendaráttar og var skýrslan gefin út 2008 með heitinu *Ný sókn í neytendamálum. Staða neytenda á Íslandi*. Þá vann hún, ásamt öðrum, skýrslu fyrir innanríkisráðuneytið um millidómstig. Einnig var hún tilnefnd af Háskóla Íslands til þess að gera, ásamt öðrum, úttekt á aðstæðum núverandi fjárhagslegrar stöðu Orkuveitu Reykjavíkur og hefur skýrsla um þá úttekt nýlega verið birt. Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá 12 ritverkum sínum um lögfræðileg efni, þar af eru tvær bækur, en flest ritverkin hafa birst í tímaritum, þar af ein grein í norrænu tímariti, safnritum og afmælisritum. Önnur bókin er *Neytendaréttur* (2009), samin ásamt Eiríki Jónssyni, og er á sviði neytendaráttar eins og heiti hennar ber með sér. Hin bókin er *Handbók um gjaldþrotaskipti* (2011), en þar er um að ræða aðra uppfærða útgáfu á bók sem hafði upphaflega verið samin af öðrum. Sex af fræðigreinunum eru ritrýndar tímaritsgreinar. Fjórar greinanna eru á sviði samningaráttar, þrjár á sviði skuldaskilaréttar,

ein á sviði refsiréttar og skaðabótaréttar og loks ein sem fjallar um réttaráhrif varnarþingssamninga samkvæmt ákvæði í Lúganósamningnum og er því á mörkum alþjóðlegs einkamálaréttar og réttarfars. Auk þess getur umsækjandinn um átján fyrirlestra og erindi sem hún hefur haldið á fundum, ráðstefnum og málþingum. Umsækjandinn hefur átt sæti í ýmsum nefndum og ráðum á vegum Háskóla Íslands, þ. á m. situr hún nú í stjórn styrktarsjóða skólans. Árin 2008-2009 sat hún í stjórn Nýja Glitnis hf. Árið 2009 var hún skipuð í starfshóp sem síðar samdi frumvarp um sanngirnisbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn er varð að lögum nr. 47/2010. Fyrr á þessu ári var henni falið af mennta- og menningarmálaráðherra að stýra IMMI verkefninu á grundvelli þingsályktunar Alþingis um tjáningarfrelsí. Frá árinu 2008 hefur hún setið í stjórn styrktarsjóðsins *Þú getur!* sem ætlað er að veita námsstyrki til þunglyndra og þeirra sem þjást af geðröskunum. Þá sat hún í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður 2007-2009. Fyrr á árinu var hún síðan skipuð í réttarfarsnefnd. Hún átti sæti í laganeftnd Lögmannafélags Íslands 2005-2008. Þá situr hún í ritstjórn Lagasafns og hefur verið ritstjóri þess frá 2011. Loks lætur umsækjandinn þess getið að hún hafi komið að gerð fjölda lagafrumvarpa, m.a. meðan hún gegndi starfi aðstoðarmanns ráðherra.

*Ingeldur Einarsdóttir* er fædd 29. apríl 1959 og er því 53 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði vorið 1985 frá lagadeild Háskóla Íslands. Á árunum 1996-1997 stundaði hún nám í umhverfisrétti við lagadeild Uppsalaháskóla í Svíþjóð þaðan sem hún lauk prófi. Haustið 2011 lagði hún stund á nám í mannréttindum við lagadeild Osloarháskóla. Fyrr á þessu ári sótti hún námskeið í Evrópurétti og EES-rétti sem og starfsmannarétti við lagadeild Háskóla Íslands. Að auki hefur hún setið fjölmög námskeið um lögfræðileg efni á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og annarra aðila, þ. á m. dómstólaráðs og Samstarfsnefndar um símenntun fyrir dómara á Norðurlöndum (SEND). Árið 1985 hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík og starfaði hjá því embætti til 1. júlí 1992 þegar hún varð dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hún var sett borgarfógeiti í fjóra mánuði árið 1991 og sett héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur um sex mánaða skeið 1995. Í byrjun árs 1999 var hún sett til að gegna embætti héraðsdómara. Hún var skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Suðurlands 10. nóvember 1999. Í sjö

og hálfan mánuð 2001-2002 var hún sett dómstjóri þess dómstóls og gegndi síðan stöðu dómstjóra um fjögurra mánaða skeið 2003. Frá því í byrjun árs 2004 hefur hún verið héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Þá hefur hún í eitt skipti tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti. Umsækjandinn var kennslustjóri við lagadeild Háskóla Íslands í sjö mánuði árið 1998 og starfaði síðan hjá umboðsmanni Alþingis á árunum 1998-1999. Hún hefur tekið sæti í áfrýjunarnefnd samkeppnismála í fjölmörgum málum, þ. á m. sem formaður nefndarinnar. Hún var formaður barnaverndarráðs á árunum 1997-2002. Þá hefur hún verið formaður kærunefndar barnaverndarmála frá árinu 2004. Hún átti sæti í nefnd 2000-2009 sem annast prófraun fyrir umsækjendur um réttindi til að starfa sem héraðsdómslögmann. Þá sat hún í dómstólaráði árin 2000-2006, þar af sem varaformaður ráðsins 2003-2005 og formaður þess 2005-2006. Einnig hefur hún setið í ýmsum nefndum og starfshópum á vegum þess. Frá árinu 2006 hefur hún setið í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema. Umsækjandinn sá árin 1994-1995 um gerð raunhæfra verkefna við lagadeild Háskóla Íslands og annaðist kennslu í erfðarétti við hana 1999-2000. Hún hefur um árabil verið prófdómari í réttarfari við deildina. Jafnframt hefur hún verið leiðbeinandi við gerð BA-ritgerðar við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Einnig hefur hún annast kennslu á námskeiði um árangursríkan málflutning á vegum Lögmannafélags Íslands. Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá tveimur greinum sem birtar hafa verið eftir hana í *Tímariti lögfræðinga*. Önnur þeirra er á sviði réttarfars, en hin á sviði barnaréttar. Auk þess hefur hún flutt nokkra fyrirlestra um lögfræði á opinberum vettvangi, m.a. á vegum dómstólaráðs, en einnig erlendis, þ. á m. hefur hún tvívegis flutt fræðileg erindi á Norræna lögfræðingaþinginu. Umsækjandinn var formaður Dómarafélags Íslands á árunum 2009-2011 og sótti á þeim tíma þing á vegum Alþjóðasamtaka og Evrópusamtaka dómara. Árið 1997 vann hún, ásamt öðrum, að athugun á ákvörðun refsinga fyrir brot gegn tveimur ákvæðum almennra hegningarlaga á grundvelli hæstaréttardóma. Þá var hún árið 1998 skipuð í nefnd til að annast rannsókn á ákvörðun refsinga við líkamsrásum, kynferðisbrotum og fíkniefnabrotum. Rit um rannsókn þessa, *Ákvörðun refsingar*, var gefið út 2003. Árið 1999 var hún skipuð í nefnd til að endurskoða í heild sinni þágildandi lög um vernd barna og ungmenna. Í árslok 2008 var hún skipuð í nefnd til að fara yfir reglur þágildandi

barnalaga um forsjá barna, búsetu og umgengni. Lauk nefndin störfum í byrjun árs 2010 og skilaði dómsmála- og mannréttindaráðherra tillögum sínum að breytingum á lögnum með frumvarpi og greinargerð.

*Porgeir Ingi Njálsson* er fæddur 27. apríl 1960 og er því 52 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði vorið 1985 frá lagadeild Háskóla Íslands. Árið 2011 stundaði hann nám, án próftöku, í eftirtoldum greinum í meistaránámi við lagadeild Háskóla Íslands: Evrópurétti, evrópskum mannréttindareglum, vátryggingarétti, félagarétti II og stjórnsýslurétti III. Hann hefur auk þess sótt ýmis námskeið, m.a. um lögfræðileg efni, á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og annarra aðila. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál sem héraðsdómslögmaður 16. maí 1989. Umsækjandinn var fulltrúi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki á árunum 1985-1987 og fulltrúi bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnессýslu um tveggja og hálfs árs skeið á árabilinu 1987-1990. Hann var settur sýslumaður í Strandasýslu í skamman tíma 1988 og aftur 1989. Umsækjandinn var settur héraðsdómari við embætti bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnессýslu nær óslitið frá hausti 1989 til 1. júlí 1992. Frá þeim tíma var hann skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Suðurlands og frá 1998 héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness. Frá 1. maí 2008 hefur hann jafnframt verið dómstjóri þess dómstóls. Honum var veitt leyfi frá starfi héraðsdómara í tæpt ár 1997-1998 og að nýju í rétt ár 2000-2001. Starfaði hann þá hjá umboðsmanni Alþingis við afgreiðslu mála og að auki sem skrifstofustjóri embættisins meðan á síðara leyfinu stóð. Ennfremur fékk hann ársleyfi frá starfi héraðsdómara 2010-2011. Þá hefur hann tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti í átta málum. Á árunum 1999 og 2002 var hann skipaður til að vera umboðsmaður Alþingis í níu málum, þar sem hinn reglulegi umboðsmaður hafði vikið sæti. Umsækjandinn átti sæti í félagsmálaráði og íþróttar- og tómstundaráði Selfosskaupstaðar 1990-1992. Þá sat hann á árabilinu 1996-2004 í bótanefnd samkvæmt lögum nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Hafði hann með höndum formennsku í nefndinni 2000-2004. Hann var formaður endurskoðendaráðs 1998-2000. Hann var varamaður í prófnefnd vegna prófraunar verðandi hæstaréttarlögmannna 1999-2005 og tók á því tímabili nokkrum sinnum sæti í nefndinni. Hann hefur verið varamaður í úrskurðarnefnd um upplýsingamál frá árinu 2007 og

tekið sæti í henni í nokkrum málum og jafnframt í einu máli í áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Umsækjandinn hefur verið varamaður í dómstólaráði frá 2008 og setið fundi ráðsins frá því í nóvember 2011 í forföllum aðalmanns. Einnig hefur hann setið í ýmsum nefndum og starfshópum á vegum þess. Þá hefur hann tekið sæti í gjafsstóknarnefnd í þremur málum og frá því í ágúst á þessu ári hefur hann verið varamaður í nefndinni. Á árunum 2010-2011 sat hann í rannsóknarnefnd sem kirkjuþing þjóðkirkjunnar skipaði til að rannsaka viðbrögð og starfshætti kirkjunnar vegna ásakana á hendur fyrrverandi biskupi um kynferðisbrot. Frá árinu 2006 hefur umsækjandinn haft með höndum kennslu í stjórnskipunarrétti við lagadeild Háskólangs í Reykjavík og verið aðjúnkt við deildina frá 2007. Vorið 2009 flutti hann þar fyrirlestra um ritun dóma á námskeiði um ritun dóma, úrskurða og stjórvaldsákvarðana. Árin 1993-1999 var hann prófdómari í almennri lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands. Þá hefur hann verið leiðbeinandi nemanda við ritun kandidatsritgerðar við deildina, haft umsjón með úrlausn raunhæfs verkefnis og setið í dómnefnd til að meta hæfi dósents til að hljóta framgang í starf prófessors. Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá fjórum greinum sem birtar hafa verið eftir hann í *Tímariti lögfræðinga*. Eru tvær þeirra á sviði refsiréttar og tvær á sviði réttarfars, en þær síðarnefndu eru báðar ritrýndar. Ennfremur hefur hann flutt fræðileg erindi á opinberum vettvangi, m.a. á dómsmálaþingi, auk þess sem hann hefur sinnt ritrýni. Umsækjandinn sat í stjórn Dómarafélags Íslands 1994-1999, í stjórn endurmenntunarsjóðs dómara 1998-2003 og í yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis 1991-1999. Á undanförnum árum hefur hann átt sæti í áfrýjunardómstól Handknattleiks-sambands Íslands og gegnt ýmsum öðrum trúnaðarstörfum í þágu íþróttahreyfingarinnar.

## 5. Mat á umsækjendum

### 5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Allir umsækjendur hafa lokið embættisprófi í lögfræði. *Aðalheiður* stundaði skipulegt doktorsnám við Uppsalaháskóla um fjögurra ára skeið og lauk þaðan doktorsprófi í lögum á sviði umhverfisréttar. Áður hafði hún lagt stund á háskólanám í ýmsum greinum, þ. á m. nám í sagnfræði við Háskóla Íslands. *Arnfríður* hefur lokið diplóma-

námi í opinberri stjórnsýslu og stjórnun við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Þær Ása og *Ingveldur* hafa lagt stund á framhaldsnám við erlenda háskóla. Hefur Ása lokið meistaraprófi í lögum frá Cambridgeháskóla og Ingeldur prófi í umhverfisrétti frá Uppsalaháskóla. Þá hefur *Porgeir Ingi* stundað meistaranám í lögum við Háskóla Íslands, án próftoku. Auk þessa hafa þau *Aðalheiður*, *Arnfríður*, *Ingveldur* og *Porgeir Ingi* sótt ýmis námskeið að loknu embættisprófi, eins og að framan greinir.

Samkvæmt þessu hefur *Aðalheiður*, ein umsækjenda, lokið doktorsprófi í lögum og hefur hún þar af leiðandi sérstöðu að því er varðar framhaldsmenntun á sviði lögfræði. Næst henni kemur Ása og þá *Ingveldur*.

### 5.2. *Reynsla af dómstörfum*

*Arnfríður* starfaði sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík á árabilinu 1986–1992, síðustu árin sem aðalfulltrúi embættisins. Á árunum 1993–1998 var hún dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur, en eftir það aðstoðarmaður dómara við dómstólinn þar til hún var ráðin skrifstofustjóri hans 1999. Á árunum 1992–2006 var hún allnokkrum sinnum sett héraðsdómari eða samtals í tæp fjögur ár. Hún var skipuð héraðsdómari 1. febrúar 2006. Samkvæmt því hefur hún verið fulltrúi og aðstoðarmaður dómara í meira en tíu ár og héraðsdómari í tæp 11 ár, auk þess sem hún gegndi starfi skrifstofustjóra Héraðsdóms Reykjavíkur um árabil. Frá því síðla árs 2010 hefur hún verið forseti Félagsdóms.

*Ingveldur* starfaði sem fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík á árunum 1985–1992. Á árabilinu 1992–1997 var hún dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hún var sett borgarfógeti í fjóra mánuði árið 1991 og síðan tvívegis sett héraðsdómari 1995 og 1999, samtals í tæpt eitt og hálftrár. Hún var skipuð héraðsdómari 10. nóvember 1999. Í sjö og hálfan mánuð 2001–2002 var hún sett dómstjóri Héraðsdóms Suðurlands og gegndi síðan stöðu dómstjóra við dómstólinn í fjóra mánuði 2003. Þá hefur hún verið hálftrár í leyfi frá starfi héraðsdómara. Samkvæmt því hefur hún verið fulltrúi dómara í tíu og hálftrár og héraðsdómari í rúm 14 ár. Að auki hefur hún í eitt skipti tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti.

*Porgeir Ingi* var fulltrúi bæjarfógeta og sýslumanns á árunum 1985-1989, að viðbættum tveimur mánuðum 1990. Hann var settur héraðsdómari í nærfellt þrjú ár 1989-1992 og var skipaður héraðsdómari 1. júlí 1992. Frá 1. maí 2008 hefur hann verið dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness, að undanskildu einu ári þegar hann var í leyfi, en hann hefur verið alls í tæp þrjú ár í leyfi frá starfi héraðsdómara. Hann hefur því verið fulltrúi dómarar í fjögur og hálftríð ár og héraðsdómari í rúm 20 ár. Auk þess hefur hann átta sinnum tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti.

*Aðalheiður* og *Ása* hafa ekki fengist við dómstörf.

Samkvæmt framansögðu eru þrír umsækjendur með viðamikla dómarareynslu. Þegar lögð er saman reynsla þeirra af dómstörfum eru *Ingveldur* og *Porgeir Ingi*, hvort um sig, með tæp 25 ár og *Arnfríður* með rúm 22 ár. Sé litið til þess hve lengi þau hafa starfað sjálfstætt að dómstörfum hefur Porgeir Ingi gert það í rúm 20 ár, Ingveldur í rúm 14 ár og Arnfríður í tæp 11 ár, auk þess sem þau hafa öll fengist við önnur dómstörf en störf héraðsdómara eins og að framan greinir.

### 5.3. Reynsla af lögmannsstörfum

*Ása* starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu árin 1996-1997 og var síðan sjálfstætt starfandi lögmaður á árunum 1998-2011 eða í rúm 13 ár, þar af sem hæstaréttarlögmaður í rúm fimm ár. Þess ber að geta að síðustu tvö árin fékkst hún ekki við málflutning, heldur sinnti ráðgjöf. Á lögmannsferli sínum flutti hún tugi einkamála, jafnt í héraði og fyrir Hæstarétti, auk þess sem hún var skipuð skiptastjóri við opinber skipti dánarbúa og við gjaldþrotaskipti. Þá kom hún einnig að sakamálum, m.a. sem réttargæslumaður brotaþola í fjölda slíkra mála, auk þess sem hún var einn lögmann *Neyðarmóttóku vegna nauðgunar* um fimm ára skeið.

*Aðalheiður*, *Arnfríður*, *Ingveldur* og *Porgeir Ingi* hafa ekki fengist við lögmannsstörf. Þó má geta þess að Aðalheiður hefur um nokkurt skeið verið ráðgjafi lögmannsstofu.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, á *Ása* að baki rúmlega 11 ára reynslu sem sjálfstætt starfandi lögmaður og málflytjandi, en áður hafði hún starfað skammstíma sem lögmannsfulltrúi. Þar af hefur hún starfað sem hæstaréttarlögmaður í

rúm þrjú ár ef litið er framhjá þeim tíma sem hún sinnti ráðgjöf samhliða öðrum störfum.

#### *5.4. Reynsla af stjórnsýslustörfum*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

*Aðalheiður* starfaði sem deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu á árunum 1992-1994. Hún var framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs í tæp þrjú ár 1994-1996 og forstjóri Náttúruverndar ríkisins 1997-1998. Umsækjandinn var árið 1992 skipuð formaður nefndar, sem falið var að kanna réttarstöðu iðnmeistara, og 1993 formaður nefndar sem falið var að kanna réttarstöðu íslenskra stjórnvalda gagnvart skipreka eða strönduðum skipum vegna mengunarhættu í íslenskri lögsögu. Hún sat á árunum 1992-1994 í umhverfisnefnd EFTA og í umhverfismerkisráði 1996-1999. Árin 1997-1999 var hún varaformaður ráðgjafarnefndar um erfðabreyttar lífverur. Á sama árabilí átti hún sæti í nefnd, sem hafði það hlutverk að gera tillögur að reglugerð um innflutning plantna til ræktunar, og jafnframt nefnd um friðun Geysis og Geysissvæðisins. Þá var umsækjandinn formaður mannanafnanefndar á árinu 2005 og undirbjó og tók þar þátt í að kveða upp fjölda úrskurða. Frá því ári hefur hún verið varamaður í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og frá því í ársbyrjun 2012 varamaður í úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Hefur hún alloft setið í þessum nefndum við úrlausn mála sem til kasta þeirra hafa komið og tekið þátt í að semja fjölmarga úrskurði sem þær hafa kveðið upp. Í byrjun þessa árs var hún skipuð formaður ráðgjafarhóps um gerð samnings milli HS Orku hf. og íslenska ríkisins um nýtingu jarðvarma vegna Reykjanesvirkjunar.

*Arnfríður* starfaði í nokkra mánuði sem lögfræðingur í þinglýsingadeild embættis yfirborgarfógetans í Reykjavík á árinu 1986. Á árunum 1999-2004 gegndi hún starfi skrifstofustjóra Héraðsdóms Reykjavíkur samtals í nærfellt fjögur ár. Arnfríður átti sæti í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar á árunum 1998-2010 þar sem hún kom að samningu úrskurða á vegum nefndarinnar sem einn þriggja nefndarmanna. Hún var formaður málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna árin 1997-2010 og hvíldi ábyrgð á stjórnun og skipulagi nefndarinnar á henni, þ. á m.

samdi hún á þeim tíma fjölda úrskurða sem nefndin kvað upp. Á árabilinu 2006–2010 sat hún í dómstólaráði. Síðustu ár hefur hún verið fulltrúi Íslands í starfi nefndar á vegum Evrópuráðsins sem ber heitið *The European Commission for the Efficiency of Justice*.

Ása var aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra, síðar dómsmála- og mannréttindaráðherra, um eins og hálfss árs skeið á árunum 2009–2010 og tók á þeim tíma þátt í starfi ýmissa sérfræðihópa á vegum ráðuneytisins. Þannig átti hún sæti í stýrihópi um velferðarvaktina 2009 og var sama ár skipuð í starfshóp sem falið var að kanna hvort unnt væri að hefja og reka skaðabótamál á hendur lögaðilum eða einstaklingum sem hefðu valdið ríkinu eða almenningi í landinu fjárhagslegu tjóni með athöfnum sínum í aðdraganda og kjölfar bankahrunsins. Í umsókn hennar kemur fram að hún hafi í reynd starfað sem sérfræðingur í ráðuneytinu og veitt starfsfólki þess og annarra ráðuneyta ráðgjöf. Ása var formaður áfrýjunarnefndar neytendamála á árunum 2005–2011 og hvíldi öll ábyrgð af stjórnun og skipulagi nefndarinnar á henni sem formanni, auk þess sem hún samdi drög að meginþorra af úrskurðum nefndarinnar þar sem hún naut ekki aðstoðar sérstaks starfsmanns. Árin 2003–2007 átti hún sæti í kærunefnd jafnréttismála og 2010–2012 var hún formaður úrskurðarnefndar um félagsþjónustu og húsnaðismál. Frá árinu 2006 hefur hún verið varaformaður úrskurðarnefndar hollustuháttu og mengunarvarnamála og frá 2011 varaformaður eftirlitsnefndar fasteignasala. Hefur hún ýmist samið eða komið að samningu úrskurða á vegum þessara stjórnsýslunefnda. Í ágúst á þessu ári varð hún formaður gjafssóknarnefndar og frá því í september hefur hún átt sæti í óbyggðanefnd. Þá sat hún í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður á árunum 2007–2009.

*Ingveldur* starfaði á árabilinu 1985–1992 sem fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík og síðan hjá umboðsmanni Alþingis á árunum 1998–1999. Hún var formaður barnaverndarráðs á árunum 1997–2002 og hefur verið formaður kærunefndar barnaverndarmála frá árinu 2004. Hefur það komið í hlut hennar að semja niðurstöðu svo til allra úrskurða ráðsins og nefndarinnar. Ingveldur átti á árunum 2000–2009 sæti í nefnd sem annast prófraun fyrir umsækjendur um réttindi til að starfa sem héraðsdómslögmenn. Hún sat í dómstólaráði árin 2000–2006, þar af sem

varaformaður ráðsins 2003–2005 og formaður þess 2005–2006. Frá árinu 2006 hefur hún setið í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema þar sem hún hefur samið fjölda úrskurða. Ennfremur hefur hún tekið sæti í áfrýjunarnefnd samkeppnismála í fjölmögum málum, þ. á m. sem formaður nefndarinnar.

*Þorgeir Ingi* var fulltrúi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki á árunum 1985–1987 og fulltrúi bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnессýslu 1987–1990. Hann var settur sýslumaður í Strandasýslu í tæpa two mánuði á árunum 1988 og 1989. Þá átti hann sæti í félagsmálaráði og íþrótt- og tómstundaráði Selfosskaupstaðar 1990–1992, en undir það fyrrnefnda heyrðu m.a. barnaverndarmál. Þorgeir Ingi starfaði hjá umboðsmanni Alþingis í tæpt ár 1997–1998 og að nýju í rétt ár 2000–2001, þar sem hann fékkst við afgreiðslu mála, sem umboðsmaður fékk til meðferðar í formi kvartana. Í síðara skiptið var hann að auki skrifstofustjóri embættisins. Á árunum 1999 og 2002 var hann skipaður til að vera umboðsmaður Alþingis í níu málum, þar sem hinn reglulegi umboðsmaður hafði vikið sæti. Á árabilinu 1996–2004 sat hann í bótaneft samkvæmt lögum nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota og hafði með höndum formennsku í nefndinni 2000–2004. Hvíldi öll vinna við afgreiðslu þeirra fjölmörgu umsókna, sem nefndinni bárust, á herðum nefndarmanna, þ. á m. að semja ákvarðanir. Þá var Þorgeir Ingi formaður endurskoðendaráðs samkvæmt lögum nr. 18/1997 um endurskoðendur 1998–2000. Á árunum 2010–2011 sat hann í rannsóknarnefnd sem kirkjuþing þjóðkirkjunnar skipaði til að rannsaka viðbrögð og starfshætti kirkjunnar vegna ásakana á hendur fyrrverandi biskupi um kynferðisbrot. Skilaði nefndin skýrslu sinni til forsætisnefndar kirkjuþings. Hann hefur verið varamaður í úrskurðarnefnd um upplýsingamál frá 2007 og tekið sæti í henni í nokkrum málum. Jafnframt hefur hann tekið sæti í þremur málum í gjafsóknarnefnd og í einu máli í áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Hann hefur sem varamaður í dómstólaráði setið fundi ráðsins frá því í nóvember 2011 í forföllum aðalmanns.

Eins og fram kemur í upptalningunni hér að framan hafa allir umsækjendur verulega stjórnsýslureynslu að baki þótt í misríkum mæli sé, þ. á m. hafa þau

*Arnfríður, Ása, Ingveldur og Þorgeir Ingi* öll gegnt um árabil formennsku í úrskurðarnefndum á sviði stjórnsýslunnar. Meðal annars að teknu tilliti til þess verður að telja að stjórnsýslureynsla *Ásu*, sem hefur verið formaður fleiri en einnar slíkrar nefndar á ólíkum réttarsviðum og var þar að auki aðstoðarmaður ráðherra í eitt og hálft ár, vegi þyngra en annarra umsækjenda við mat á hæfi þeirra til að gegna embætti hæstaréttardómara. Þótt *Aðalheiður* hafi verið deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu í tvö ár og forstöðumaður tveggja stofnana, sem undir það heyrðu, í rúm fjögur ár verður ekki gert upp á milli stjórnsýslureynslu hennar og þeirra *Arnfríðar, Ingveldar* og *Þorgeirs Inga* þegar metið er hæfi þeirra í þessu tilliti, m.a. í ljósi þeirra fjölpættu starfa innan stjórnsýslunnar við úrlausn ágreiningsmála sem þau þrjú síðastnefndu hafa fengist við.

## 5.5. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

### 5.5.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

*Aðalheiður* var kennari við lagadeild Háskóla Íslands á árunum 1996-1999 og hefur verið kennari við deildina frá árinu 2002, lengst af í fullu starfi, þar af aðjúnkt 2003-2004, lektor 2004-2005, dósent 2005-2009 og prófessor frá 2009. Kennslugreinar hennar hafa einkum verið umhverfisréttur, þ. á m. alþjóðlegur og evrópskur umhverfisréttur, svo og þjóðaréttur og sjálfbær þróun og loks auðlindaréttur. Hafa þessar greinar verið kenndar í meistaránámi. Að auki bar hún ábyrgð á og kenndi samningaráett í grunnnámi á árunum 2003-2005 og hefur einnig tekið þátt í kennslu í þjóðarétti og hafrétti á meistarastigi. Þá hefur hún kennt við aðra háskóla erlendis, þ.m.t. Uppsalaháskóla og Luleåháskóla í Svíþjóð og háskólann í Ljubljana í Slóveníu. Ennfremur hefur hún verið leiðbeinandi fjölda nemenda við ritun meistararitgerða og er nú leiðbeinandi eins doktorsnema við lagadeild Háskóla Íslands, auk þess sem hún hefur setið í nokkrum doktorsnefndum og verið andmælandi við doktorsvörn. Hún hefur skipulagt þrjú alþjóðleg námskeið fyrir doktorsnema, árin 2004, 2007 og 2009 og setið fjölda alþjóðlegra námskeiða þar sem fjallað hefur verið um umhverfis- og auðlindarétt. Samhliða kennslu hefur *Aðalheiður* sinnt umfangsmiklum rannsóknum á fræðasviðum, þ. á m. við erlenda háskóla. Hún hefur einnig gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir Háskóla Íslands, þ. á m. hefur hún frá 2005 setið

í stjórn sérstakrar námsleiðar í umhverfis- og auðlindafræðum skólans og frá 2004 í rannsóknanaðsnefnd lagadeildar, þar af sem formaður hennar 2007-2012. Þá átti hún sæti í stjórn Alþjóðamálastofnunar Háskólans 2005-2008 og í vísindanefnd félagsvísindasviðs 2009-2012, auk þess sem hún hefur setið í stjórn Háskólaútgáfunnar frá 2007. Fyrir hönd lagadeilda hefur hún átt sæti í fjölda dómnefnda og valnefnda, ýmist til að leggja mat á hæfi eða velja úr umsækjendum um störf kennara við deildina. Aðalheiður hefur setið í ritstjórn afmælisrits og ritrýnt reglulega fræðigreinar fyrir tímarit, sem gefin eru út erlendis, svo sem *Nordisk Miljöråttslig Tidskrift* og *Journal of Environmental Planning and Management*.

Ása hefur verið kennari við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2004, þar af lektor í hlutastarfi á árunum 2006-2008, en síðan í fullu starfi 2008-2012, að undanskildum þeim tíma meðan hún gegndi starfi aðstoðarmanns ráðherra. Frá miðju ári 2012 hefur hún verið dósent við deildina. Kennslugreinar hennar hafa einkum verið á sviði réttarfars og fjármunaráttar, jafnt í grunnnámi sem meistaránámi, þar af hafa aðalkennslugreinarnar verið samningaráttur og skuldaskilaráttur. Auk þess hefur hún verið umsjónarmaður BA-ritgerða og leiðbeinandi fjölda nemenda við ritun meistararitgerða. Hún hefur einnig kennt við aðra háskóla, þ. á m. við Viðskiptaháskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og ULL-háskólann á Spáni fyrr á þessu ári. Þá hefur hún um árabil annast kennslu á námskeiðum til öflunar réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómi, löggildingarnámskeiðum fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, réttindanámskeiði fyrir þá, er öðlast vilja löggildingu sem bifreiðasalar, og réttindanámskeiði fyrir löggildingu verðbréfasala. Að auki hefur hún kennt á sérstöku réttindanámskeiði í rekstrar- og viðskiptafræðinámi Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Ása hefur átt sæti í ýmsum ráðum og nefndum á vegum Háskóla Íslands. Þá hefur hún ritrýnt fræðilega bókakafla og fræðigreinar sem birst hafa í *Lögréttu* og *Úlfþjóti* og verið skipuð prófdómari við meistaraprófsvarnir við lagadeildir Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík. Hún hefur unnið skýrslur og álit af ýmsum toga. Meðal annars samdi hún, ásamt öðrum, skýrslu fyrir hönd Lagastofnunar Háskóla Íslands um stöðu íslensks neytendaráttar og var skýrslan gefin út 2008 með heitinu *Ný sókn í neytendamálum. Staða neytenda á Íslandi*.

*Ingveldur* var kennslustjóri við lagadeild Háskóla Íslands í sjö mánuði árið 1998. Hún sá um gerð raunhæfra verkefna við deildina árin 1994–1995 og annaðist kennslu í erfðarétti við hana 1999–2000. Hún hefur um árabil verið prófdómari í réttarfari við sömu deild. Jafnframt hefur hún verið leiðbeinandi við gerð Barritgerðar við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

*Porgeir Ingi* hefur frá árinu 2006 haft með höndum kennslu í stjórnskipunarrétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík og verið aðjúnt við deildina frá 2007. Vorið 2009 flutti hann þar fyrirlestra um ritun dóma á námskeiði um ritun dóma, úrskurða og stjórnvaldsákvarðana. Árin 1993–1999 var hann prófdómari í almennri lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands. Þá hefur hann verið leiðbeinandi nemanda við ritun kandidatsritgerðar við deildina, haft umsjón með úrlausn raunhæfs verkefnis og setið í dómnefnd til að meta hæfi dósents til að hljóta framgang í starf prófessors.

*Arnfríður* hefur ekki annast kennslu á háskólastigi eða fengist við önnur akademísk störf.

Af framansögðu er ljóst að *Aðalheiður* og Ása hafa sérstöðu meðal umsækjenda að því er varðar reynslu af kennslu í lögfræði á háskólastigi. Aðalheiður hefur fengist mun lengur við slíka kennslu, fyrst sem stundakennari og síðar sem lektor, dósent og prófessor í fullu starfi við lagadeild Háskóla Íslands. Ása hóf kennslu sem stundakennari, síðar sem lektor í hlutastarfi og síðustu árin hefur hún verið lektor í fullu starfi við deildina. Í samanburði við reynslu þeirra verður kennslureynsla *Porgeirs Inga* að teljast takmörkuð. Þá hefur *Ingveldur* ekki mikla reynslu af kennslu á háskólastigi, en hún gegndi starfi kennslustjóra lagadeilda um nokkurra mánaða skeið árið 1998.

#### 5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, fræðilegir fyrirlestrar o.fl.

*Aðalheiður* er höfundur eins veigamikils útgefins ritverks á sviði lögfræði og meðhöfundur annars minna verks. Þar að auki hefur hún birt 12 greinar um lögfræðileg efni í tímaritum, þar af fimm greinar í evrópskum og norrænum tímaritum, og 11 bókakafla í safnritum og afmælisritum, þar af hafa fjórir kaflanna verið í ritum sem gefin hafa verið út erlendis. Bækurnar eru (1) *The significance of the default. A study in environmental law methodology with emphasis on ecological sustainability and international*

*biodiversity law* (2009), sem er doktorsritgerð Aðalheiðar frá Uppsalaháskóla, og (2) *Endurskoðun ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið* (2008), samin ásamt Eiríki Tómassyni. Meginviðfangsefni doktorsritgerðarinnar er rannsókn á og þróun tiltekinnar aðferðafræði og kenninga, sem Staffan Westerlund, professor og aðalleiðbeinandi höfundar í doktorsnámi hennar, hafði sett fram, en með áherslu á þjóðarétt og reglur sem varða líffræðilega fjölbreytni. Í ritgerðinni er sett fram sú tilgáta að tilteknar meginreglur þjóðaréttar dragi úr eða standi í vegi fyrir því að vistfræðileg sjálfbærni og ákveðin markmið um líffræðilega fjölbreytni geti orðið að veruleika. Dregin eru fram dæmi um tilteknar meginreglur og þjóðréttarlega samninga, sem lúta að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, en þeim er ætlað er að undirbyggja tilgátuna. Byggir ritgerðin á því sem höfundur kallar blandaða lagalega aðferð. Fræðileg umfjöllun innan umhverfisréttar tekur gjarnan, í ríkari mæli en venja er í skrifum um lögfræði, mið af eftирgreindu markmiði sem reglum á þessu réttarsviði er ætlað að hafa: Það er að vernda náttúru og umhverfi fyrir óæskilegum afskiptum manna með það fyrir augum að gera vistkerfið sjálfbært til lengri tíma litið. Þetta er líklega ástæðan fyrir því að fyrri hluti ritgerðarinnar, þar sem gerð er grein fyrir fyrrgreindri aðferðafræði og kenningum, ber meiri keim af sjónarmiðum um það hvernig réttarreglurnar ættu að vera en tíðkast hefur í hefðbundnum fræðiskrifum um lögfræði. Þetta gerir þennan hluta nokkuð sérstæðan í augum þeirra sem vanir eru slíkum skrifum. Síðari hlutinn er aðgengilegri, enda eru efnistökin þar áþekk því sem gerist og gengur í fræðiritum um lögfræði. Í síðarnefndu bókinni, sem fjallar um endurskoðun stjórnvaldsákvarðana er áhrif hafa á umhverfið, ritar Aðalheiður alla kaflana nema einn og telst því aðalhöfundur verksins. Hér er á greinargóðan hátt lýst réttarreglum, sem gilda hér á landi um endurskoðun á fyrrgreindum ákvörðunum stjórnvalda, hvort sem er hjá æðra stjórnvaldi eða fyrir dómstólum. Í síðustu köflum bókarinnar er gerð grein fyrir alþjóðlegri stefnumörkun á sviði umhverfisréttar og svonefndum Árósarsamningi sem er evrópskur samningur og hefur að geyma ákvæði um aðgang að upplýsingum, þáttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Er tekið fram í formála að þessi umfjöllun, sem er afrakstur rannsókna höfunda, geti ásamt öðru verið grundvöllur að því hvort Ísland eigi að fullgilda þennan samning. Samkvæmt umsókn Aðalheiðar hafa birst eftir

hana 12 greinar og 11 bókakaflar um lögfræði og er allt það efni ritrýnt, að einni grein undanskilinni. Segja má að öll þessi fræðiskrif tilheyri umhverfisrétti, þ. á m. alþjóðlegum og evrópskum umhverfisrétti, enda þótt sum þeirra fjalli einnig um efni, tengd auðlindarétti, þjóðarétti, heimskautarétti og fleiri greinum lögfræði. Ofangreindar ritsmíðar Aðalheiðar, sem flestar fjalla um efni á sviði umhverfisréttar, standast í heild sinni þær kröfur sem gerðar eru til fræðiskrifa í lögfræði. Umfjöllun hennar um íslenskan umhverfisrétt, og sér í lagi tengsl íslenskra réttarreglna á því sviði við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, felur að mati dómnefndar í sér merkt og þarf brautryðjandaverk sem hefur jafnt fræðilegt sem hagnýtt gildi fyrir lögfræðinga og aðra þá sem láta sig þessi mál varða. Fyrir utan það, sem áður er talið, hefur Aðalheiður tekið saman skýrslur um Ísland, sem birtar hafa verið í árbók í alþjóðlegum umhverfisrétti, *Yearbook in International Environmental Law*. Þá hefur hún samkvæmt umsókn sinni haldið alls 32 fræðileg erindi og fyrirlestra á þingum, ráðstefnum og fundum, hér á landi og erlendis.

Ása er meðhöfundur tveggja útgefinna ritverka á sviði lögfræði og hefur birt níu greinar um lögfræðileg efni í tímaritum, þar af eina grein í norrænu tímariti, safnritum og afmælisritum. Bækurnar eru (1) *Neytendaréttur* (2009), samin ásamt Eiríki Jónssyni, og (2) *Handbók um gjaldþrotaskipti* (2011), en um er að ræða 2. útgáfu af því riti sem upphaflega var samið af Markúsi Sigurbjörnssyni. Fyrri bókin er sú fyrsta sem gefin er út hér á landi og fjallar sérstaklega um neytendarétt. Af þeim sökum verður hún að teljast merkt framlag til íslenskrar lögfræði. Bókin ber þess merki að vera yfirlitsrit og þar af leiðandi eru ýmis álitaefni á þessu réttarsviði ekki brotin til mergjar. Síðari bókin, sem gefin hefur verið út sem kennslurit, er sem fyrir segir uppfærð útgáfa af bók sem hafði upphaflega verið samin af öðrum. Þótt að baki endurskoðun ritsins búi mikil og vönduð rannsóknavinna getur hún ekki talist frumleg og hefur því takmarkað vísindalegt gildi. Í umsókn Ásu segir að hún hafi birt tíu greinar um lögfræði í tímaritum, safnritum og afmælisritum og eru sex af þeim ritrýndar. Fimm greinanna eru á sviði samningaráttar, þrjár á sviði skuldaskilaréttar, ein á sviði refsiréttar og skaðabótaráttar og loks ein, „Réttaráhrif varnarþings-samninga samkvæmt 1. mgr. 17. gr. Lúganósamningsins“ (2011), sem er á mörkum alþjóðlegs einkamálaréttar og réttarfars. Þessi síðastnefnda grein fjallar um flókið

úrlausnarefni sem gerð eru góð skil. Hún hefur því bæði fræðilegt og hagnýtt gildi. Hið sama má segja um sumar af öðrum greinum Ásu, svo sem „Meginregla íslensks samningaráéttar um rangar forsendur og endurreikningur ólögmætra gengislána“ (2012), en sú grein hefur einnig birst á ensku í norrænu tímariti. Uppistaðan í ýmsum öðrum greinum hennar eru dómar, sem gengið hafa á tilteknum réttarsviðum, og skýring þeirra. Hafa þær greinar fyrst og fremst hagnýtt gildi, m.a. fyrir dómara og lögmenn. Að álið dómnefndar bera ritsmíðar Ásu vott um hæfileika hennar til að greina og leysa úr lögfræðilegum álitaefnum á ólíkum réttarsviðum. Loks hefur Ása haldið átján fyrirlestra á fundum, ráðstefnum og málþingum.

*Ingeldur* er höfundur tveggja greina um lögfræði sem báðar hafa birst í *Tímariti lögfræðinga*. Er önnur þeirra á sviði réttarfars, en hin á sviði barnaréttar. Síðari greinin, „Forsjársvipling samkvæmt 25. gr. barnaverndarlaga“ (1999), fjallar um skilyrði forsjársviplingar samkvæmt þessu lagaákvæði og eru þar reifaðir nokkrir íslenskir og norskir dómar til skýringar á viðfangsefninu. Greinin ber vott um staðgóða þekkingu á réttarsviðinu og hefur ótvírætt gildi fyrir lögfræðinga, m.a. dómara og lögmenn. Þá hefur Ingeldur flutt fyrirlestra um lögfræði á opinberum vettvangi, þ. á m. hefur hún tvívegis flutt fræðileg erindi á Norræna lögfræðingaþinginu.

*Porgeir Ingi* er höfundur fjögurra greina um lögfræði sem allar hafa verið birtar í *Tímariti lögfræðinga*. Eru tvær þeirra á sviði refsiréttar og tvær á sviði réttarfars. Efni þessara fræðigreina er skýrt fram sett og eru tvær þær síðastnefndu ritrýndar. Að álið dómnefndar hafa greinarnar, sem bera heitin „Endurupptaka útivistarmáls samkvæmt XXIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála“ (2011) og „Málskostnaðartrygging samkvæmt 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála“ (2012), óumdeilanlega jafnt fræðilegt sem hagnýtt gildi, ekki síst fyrir dómara og lögmenn. Þá hefur Porgeir Ingi enn fremur flutt fræðileg erindi á opinberum vettvangi, m.a. á dómsmálaþingi.

*Arnfríður* hefur ekki fengist við fræðiskrif á sviði lögfræði.

Þegar litið er til þeirra ritverka, sem komið hafa út eftir *Aðalheiði* og Ásu og gerð er grein fyrir hér að framan, skara þær fram úr á þessu sviði. Doktorsritgerð *Aðalheiðar* og þær fjölmörgu fræðigreinar, sem birst hafa eftir hana í erlendum

viðurkenndum tímaritum, skipa henni tvímælalaust framar. Þó verður ekki framhjá því litið að fræðiskrif hennar eru að mestu leyti einskorðuð við umhverfisrétt og tengdar greinar og efnið því einsleitara en hjá Ásu. Á eftir þeim tveimur kemur *Porgeir Ingi* og síðan *Ingveldur*.

#### *5.6. Reynolds af stjórnun*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnunarstörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

*Aðalheiður* var deildarstjóri í ráðuneyti í tvö ár, á árunum 1992-1994, og forstöðumaður ríkisstofnana í rúm fjögur ár, 1994-1998. Hún var formaður mannanafnanefndar á árinu 2005. Hún hefur verið varaforseti lagadeildar Háskóla Íslands frá árinu 2010 og var formaður rannsóknanaðarsnefndar deildarinnar árin 2007-2012.

*Arnfríður* var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur samtals í nærfellt fjögur ár á árunum 1999-2004. Frá því síðla árs 2010 hefur hún verið forseti Félagsdóms. Hún var formaður málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna árin 1997-2010.

*Ása* rak lögmannsstofu á árunum 1998-2009 í félagi við aðra. Árin 2005-2011 var hún formaður áfrýjunarnefndar neytendamála og frá árinu 2010 hefur hún verið formaður úrskurðarnefndar um félagsþjónustu og húsnaðismál. Þá var henni fyrr á þessu ári falið að stýra IMMI verkefninu á grundvelli þingsályktunar Alþingis um tjáningarfrelsi.

*Ingveldur* gegndi stöðu dómstjóra Héraðsdóms Suðurlands samtals í tæpt ár á árabilinu 2001-2003. Hún var formaður barnaverndarráðs á árunum 1997-2002 og hefur verið formaður kærunefndar barnaverndarmála frá árinu 2004. Þá var hún formaður dómstólaráðs árin 2005-2006 og formaður Dómarafélags Íslands 2009-2011.

*Porgeir Ingi* hefur verið dómstjóri við Héraðsdóm Reykjaness, næst stærsta héraðsdómstól landsins, frá árinu 2008, að einu ári undanskildu, eða í alls þrjú og hálf ár. Hann gegndi starfi skrifstofustjóra við embætti umboðsmanns Alþingis um eins árs skeið, 2000-2001. Þá var hann formaður endurskoðendaráðs árin 1998-2000

og formaður bótaneftnar samkvæmt lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota 2000-2004.

Þegar litið er til fjölpættrar og ólíkrar stjórnunarreynslu umsækjenda er ekki afgerandi munur á þeim hvað þennan þátt varðar. Þó verður að telja að *Porgeir Ingi* búi að mestri og *Ingveldur* næst mestri reynslu á þessu sviði í ljósi þeirra starfa sem þau hafa haft með höndum og talin eru upp að framan.

#### *5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaræfni o.fl.*

*Aðalheiður* nefnir í umsókn sinni sex lagafrumvörp, sem hún hefur samið, ýmist ein eða ásamt öðrum. Einnig hefur hún unnið að gerð fjölmargra reglugerða vegna innleiðingar á tilskipunum Evrópusambandsins í íslenskan rétt. Þá tók hún saman minnisblað til stjórnlagaráðs um tillögur ráðsins að nýjum stjórnarskrárkvæðum um náttúruvernd og náttúruauðlindir, auk þess sem hún hefur unnið að minnisblaði um tillögurnar, að beiðni þingneftnar, vegna undirbúnings að gerð frumvarps til nýrrar stjórnarskrár. Ennfremur hefur hún margoft komið fyrir nefndir Alþingis og veitt þinginu álit á ýmsum málum sem þar hafa verið til meðferðar.

*Ása* getur um fimm lagafrumvörp, sem hún hafi samið, ýmist ein eða ásamt öðrum. Þá tók hún sæti í réttarfarsnefnd fyrr á þessu ári og hefur hún oft komið fyrir nefndir Alþingis, fyrir hönd nefndarinnar, og veitt álit á frumvörpum sem varða réttarfari. Einnig hefur hún margssinnis komið fyrir þingneftdir sem sérfræðingur og veitt álit á ýmsum þingmálum. Þá situr hún í ritstjórn Lagasafns og hefur verið ritstjóri þess frá árinu 2011.

*Ingveldur* lætur þess getið að hún hafi átt sæti í tveimur nefndum sem sömdu tvö viðamikil lagafrumvörp. Þá hafi hún samið fjölmargar umsagnir um lagafrumvörp og oftsinnis komið fyrir nefndir Alþingis til að veita álit á frumvörpum.

Ekki kemur fram í umsókn *Arnfríðar* eða *Porgeirs Inga* að þau hafi samið eða komið að samningu lagafrumvarpa.

Samkvæmt þessu hafa *Aðalheiður* og *Ása* mesta reynslu umsækjenda af viðfangsefnum á þessu sviði, en síðan kemur *Ingveldur*.

### *5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi*

Í 3. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölul. 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Í auglýsingu um hin lausu dómaraembætti var óskað eftir því að umsækjendur tilnefndu þrjá meðmælendur. Í 5. gr. reglna nr. 620/2010 kemur fram að dómnefnd geti aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum sem átt hafi samskipti við umsækjanda vegna starfa hans.

Sem fyrr segir leitaði dómnefnd eftir umsögnum þeirra, er umsækjendur höfðu tilnefnt sem meðmælendur, en þeir eru: Karl Axelsson, hæstaréttarlögmaður, Páll Hreinsson, dómari við EFTA-dómstólinn, og Róbert R. Spanó, prófessor, sem gáfu umsögn um Aðalheiði Jóhannsdóttur, Friðgeir Björnsson, fyrrverandi dómstjóri, Greta Baldursdóttir, hæstaréttardómari og Karl Sigurbjörnsson, fyrrverandi biskup Íslands, um Arnfríði Einarsdóttur, Gizur Bergsteinsson, hæstaréttarlögmaður, Jóhann Hinrik Nielsson, hæstaréttarlögmaður og Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri, um Ásu Ólafsdóttur, Friðgeir Björnsson, fyrrverandi dómstjóri, Guðrún Erna Hreiðarsdóttir, lögfræðingur og Sigurður Tómas Magnússon, prófessor, um Ingveldi Einarsdóttur, og Ragnhildur Helgadóttir, prófessor, Róbert R. Spanó, prófessor, og Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, um Þorgeir Inga Njálsson.

Dómnefnd hefur haft umsagnir þessara meðmælenda til hliðsjónar við mat sitt en þær eru allar jákvæðar í garð hlutaðeigandi umsækjenda. Af umsögnunum verður ráðið að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður samkvæmt 3. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Einnig kom þar fram að reglusemi umsækjenda væri ekki ábótavant.

## 5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum er fengin, bæði fljótt og af öryggi.

### 5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttafar á valdi sínu

Dómnefnd telur að þegar metið er hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttafar á valdi sínu skipti einkum máli reynsla af dóms- og málflutningsstörfum auk framlags í formi kennslu og fræðiskrifa. Nefndin telur einnig eðlilegt að hafa hliðsjón af þekkingu umsækjenda af öðrum sviðum réttarfars.

Þrír umsækjenda, *Arnfríður*, *Ingveldur* og *Porgeir Ingi*, hafa langa starfsreynslu að baki sem héraðsdómarar. Þótt Ása eigi að baki mun styttri feril sem hæstaréttarlögmaður hefur hún þá sérstöðu, í samanburði við aðra umsækjendur, að hafa annast umfangsmikla kennslu í réttarfari, jafnt í grunnnámi sem meistaranaði, og fengist við fræðiskrif um réttarfari, svo sem rakið er í köflum 5.5.1. og 5.5.2. Fræðileg framlög Ingeldar og Porgeirs Inga á þessu réttarsviði vega ekki þungt í þeim samanburði.

Að framansögðu virtu er það mat dómnefndar að ekki sé ástæða til að gera upp á milli fyrrgreindra fjögurra umsækjenda hvað varðar kunnáttu í einkamála- og sakamálaréttarfari og færni við að beita réttarfarsreglum í störfum hæstaréttardómara. *Aðalheiður* hefur hins vegar hvorki starfað sem dómarí eða lögmaður né heldur fengist við réttarfari í fræðiskrifum sínum, þannig að hún býr ekki yfir sérstakri færni eða kunnáttu á því réttarsviði.

### 5.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli.

Í 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er að finna ákvæði um samningu dóma. Þar segir í d.-f. liðum 1. mgr. að greina skuli í forsendum stutt yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni í því, helstu málsástæður aðila og réttarheimildir sem

þeir byggja á og rökstudda niðurstöðu um sönnunaratriði og lagaatriði. Í 3. mgr. sömu greinar er síðan sagt að dómar skuli vera stuttir og glöggir. Ákvæði 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála eru svipuð að þessu leyti. Þá er og ljóst að þingmálið er íslenska og því leiðir krafa um að dómarar geti ritað dóma á góðri íslensku.

Dómnefnd telur mikilvægt að þær meginreglur sem fyrrgreind ákvæði endurspeglar séu hafðar í heiðri við samningu dóma og að dómaraefni til embættis hæstaréttardómara hafi þær vel á valdi sínu. Er einkum nauðsynlegt að málsástæðum og lagarökum aðila séu gerð skil og að fram fari skýr og gagnorð greining á sönnunaratriðum og lagaatriðum hvers máls. Að mati nefndarinnar leiðir einnig af fyrrgreindum lagaákvæðum að dómarí skal setja fram röksemadir sínar með hlutlægum hætti og forðast stóryrði og athugasemdir sem ekki hafa þýðingu fyrir úrslit þess sakarefnis sem til úrlausnar er. Sé rétt á þessu halddið telst það mikilsverð vísbending um góða hæfni til að sinna dómarastörfum. Verða þessi sjónarmið lögð hér til grundvallar.

Dómnefnd hefur valið þá aðferð að fara yfir alla þá dóma sem þau *Arnfríður*, *Ingveldur* og *Porgeir Ingi* lögðu sjálf fram með hliðsjón af fyrrgreindum meginreglum.

*Aðalheiður* og *Ása* hafa ekki stundað dómstörf, en hins vegar hefur sú síðarnefnda starfað sem lögmaður. Þar af leiðandi hefur dómnefnd farið yfir þær stefnur og greinargerðir sem fylgdu umsókn hennar, með hliðsjón af þeim meginreglum sem áður eru greindar. Í sama skyni hefur nefndin farið yfir þá stjórnsýsluúrskurði sem fylgdu umsókn þeirra beggja.

Það er niðurstaða dómnefndar, miðað við þessa yfirferð og forsendur, að allir umsækjendur hafi gott vald á íslensku ritmáli. Af dómum og stjórnsýsluúrskurðum, sem þau *Arnfríður*, *Ingveldur* og *Porgeir Ingi* hafa samið og stefnum, greinargerðum og úrskurðum, sem *Ása* hefur samið, telur nefndin að þau standi öll jafnt að vígi með tilliti til hæfni við samningu dóma. Að því er *Aðalheiði* varðar verður að gera þann fyrirvara að ekki er að fullu ljóst hver hefur verið hlutur hennar við að semja stjórnsýsluúrskurði eða aðra slíka úrskurði sem vísað er til í umsóknar hennar.

*5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum er fengin bæði fljótt og af öryggi.*

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði dregin út frá þeim dómarastörfum og öðrum störfum sem umsækjendur hafa innt af hendi á liðnum árum og nánar er gerð grein fyrir í kafla 4. Niðurstaða nefndarinnar er sú að allir umsækjendur séu hæfir til þess að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og að afgreiða þau mál sem þeim eru fengin bæði fljótt og af öryggi. Telur nefndin að ekki sé tilefni til að gera mun á umsækjendum að þessu leyti.

## **6. Niðurstaða dórnefndar**

Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dórnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Þessi sjónarmið hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis. Samkvæmt 7. tölul. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 15/1998 er það gert að skilyrði þess að mann megi skipa í embætti hæstaréttardómara að hann hafi starfað í minnst þrjú ár sem héraðsdómari, hæstaréttarlögmaður eða prófessor í lögum ellegar gegnt um jafn langan tíma embættum, sem þar eru upp talin, eða öðrum líkum störfum sem veita hliðstæða lögfræðilega reynslu. Með vísun til þessa lagaákvæðis hlýtur reynsla af því að hafa gegnt þessum tilteknu störfum að vega þyngst af þeim þáttum, sem hér um ræðir, enda þótt sú starfsreynsla geti ekki, fremur en aðrir þættir, ráðið ein niðurstöðu við mat á hæfni umsækjenda. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum hæstaréttardómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmannsstörfum og þeim stjórnsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við, séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki þótt einn þeirra hafi gegnt starfi nokkru lengur en annar.

Þótt almennt verði að telja umsækjanda til tekna að hafa fjölpætta reynslu, svo sem að hafa fengist við kennslu og fræðiskrif á sviði lögfræði samhliða því að hafa

aflað sér starfsreynslu sem dómari eða lögmaður, er meginmarkmiðið með störfum dómnefndar að finna hæfasta og besta lögfræðinginn sem sótt hefur um til að gegna starfi dómara við Hæstarétt Íslands. Niðurstaða dómnefndar er því byggð á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að umsækjandin hafi til að bera bæði almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Farsael starfsreynsla og fjölbreytileiki hennar getur gefið mikilsverðar vísbindingar í því efni, en þar koma þó önnur atriði einnig til álita, ekki síst reynsla af lögfræðilegri greiningu. Dómnefnd hefur gætt þess í mati sínu á hæfni umsækjenda, rétt eins og í fyrri álitum, að fara ekki út í alltof nákvæmt mat vegna þess að afar erfitt er að halda samræmi þegar svo er að verki staðið þar sem matsgrundvöllurinn er bæði fjölbættur og margbrotinn.

Mat dómnefndar er byggt á öllum þeim þáttum sem raktir hafa verið hér að framan í köflum 5.1.–5.9. Jafnframt hefur nefndin haft til hliðsjónar fyrri umsagnir sínar, en hún áður metið hæfni fjögurra þeirra sem nú sækja um embætti hæstaréttardómara.

Með skírskotun til alls þess, sem að framan greinir, er það niðurstaða dómnefndar að Ása Ólafsdóttir, Ingeldur Einarsdóttir og Þorgeir Ingi Njálsson séu hæfust umsækjenda til að hljóta setningu í embætti hæstaréttardómara. Þau Ingeldur og Þorgeir Ingi eiga að baki langan og farsaelan feril sem héraðsdómarar. Þá hafa þau bæði stundað framhaldsnám í lögfræði að loknu embættisprófi, fengist við fræðiskrif og komið að akademískum störfum, auk annars þess sem talið er upp í kafla 5. Ása hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður um árabil og býr yfir fjölbreyttri stjórnsýslureynslu. Jafnframt hefur hún lokið meistaraprófi í lögfræði eftir embættispróf, sinnt umfangsmikilli kennslu við háskóla og gefið út tvö ritverk og fjöldu fræðigreina á ólíkum réttarsviðum, ásamt öðru því sem talið er upp í kafla 5. Ekki eru efni til að greina á milli hæfni þeirra þriggja til að gegna embætti hæstaréttardómara.


Ályktarorð:

Með vísun til 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, með síðari breytingum, er það niðurstaða dómnefndar að Ása Ólafsdóttir, Ingveldur Einarsdóttir og Porgeir Ingi Njálsson séu hæfust til að hljóta setningu í embætti hæstaréttar-dómara sem auglýst var laust til umsóknar 2. október 2012 í Lögbirtingablaði. Ekki eru efni til að greina á milli hæfni þeirra þriggja til að gegna embætti hæstaréttar-dómara.

Reykjavík, 3. desember 2012.



Eiríkur Tómasson



Allan V. Magnússon



Guðrún Agnarsdóttir



Guðrún Björk Bjarnadóttir



Skarphéðinn Þórisson